



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007



Megin skýrsla

Skýrsla sjálfsmatshóps unnin sumarið 2007

Umsjón: Unnar Örn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

	bls
Matsyfirlit	4
Aðgerðaráætlun	6
Inngangur	9
Aðferð við mat	11
Þróun matstækja	13
Val þátttakenda.....	15
Gagnasöfnun	16
Greining gagna	18
Útkoma	19
Kennara/áfangamat.....	17
Opin spurning í áfangamatinu	29
Skýrslur deilda.....	30
Hlýtt á nemendur	32
Hlýtt á kennara/starfsmenn	32
Útskriftarnemar, vorið 2007	33
Um virðisauka	33
Niðurstöður/umræða.....	34
Lokaorð og ábendingar.....	37
Heimildir.....	39
Viðauki (sjá hefti með viðaukum).....	
Viðauki 1 Kennaramat/Áfangamat.....	
Viðauki 2 Almenn braut – sérstakt verkefni	
Viðauki 3 Forvarnir/Lífsstíll – sérstakt verkefni	
Viðauki 4 Skýrsla samfélagssviðs 2006-2007	
Viðauki 5 Skýrsla málasviðs 2006-2007	
Viðauki 6 Skýrsla raungreinasviðs 2006-2007	
Viðauki 7 Dreifing einkunna.....	
Viðauki 8 Skammtíma sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 9 Langtíma sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 10 Hlýtt á nemendur	
Viðauki 11 Hlýtt á kennara	
Viðauki 12 Útskriftarnemar vorið 2007	

Matsyfirlit/helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður úr sjálfsmati við Flensborgarskólann í Hafnarfirði skólaárið 2006 – 2007 eru eftirfarandi:

Áfangamat – Félagsgreinasvið – viðhorf nemenda til áfanga.

- 78% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að áfanginn væri góður.
- 71% þátttakenda var mjög ósammála eða ósammála því að þeir hafi skrúpað meira í viðkomandi áföngum en öðrum.
- 40% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að þeir hafi lagt meira á sig í viðkomandi áföngum en öðrum. 46% þátttakenda svöruðu hvorki né.
- 27% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að þeir hafi fengið reglulega vitnisburð um námslega stöðu sína í viðkomandi áfanga. 36% þátttakenda svöruðu hvorki né.
- 63% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að kennarinn væri tilbúinn að breyta áætlun til að koma til móts við þarfir nemenda.

Áfangamat – Félagsgreinasvið – lesefni.

- 42% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að lesefni viðkomandi áfanga hafi reynt á þá. 30% þátttakenda svöruðu hvorki né.
- 51% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að það væri auðvelt að skilja aðallesiðni viðkomandi áfanga. 24% þátttakenda svöruðu hvorki né.
- 58% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að verkefni viðkomandi áfanga hafi hjálpað þeim að skilja námsefnið betur. 30% þátttakenda svöruðu hvorki né.
- 55% þátttakenda var mjög ósammála eða ósammála því að námsefni viðkomandi áfanga hafi verið of erfitt fyrir þá.

Áfangamat – Félagsgreinasvið – væntingar og markmið.

- 74% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að markmið viðkomandi áfanga hafi verið vel útskýrð.
- 70% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að námsefni viðkomandi áfanga hafi fallið vel að markmiðum hans.

Áfangamat – Félagsgreinasvið – notkun tímans.

- 80% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að þeir hafi fengið tækifæri

til þess að spyrja spurninga í viðkomandi áfanga.

- 77% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að kennarinn hafi nýtt kennslustundirnar vel.
- 71% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að auðvelt hafi verið að spyrja spurninga í viðkomandi áfanga.
- 62% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að nauðsynlegt hafi verið að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefni viðkomandi áfanga. 20% þátttakenda svöruðu hvorki né.
- 28% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að þeir hafi búið sig vel undir tíma í viðkomandi áfanga. 40% þátttakenda svaraði hvorki né.
- 73% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að kennarinn fylgdi kennsluáætlun eftir.

Áfangamat – Félagsgreinasvið – viðhorf til kennara.

- 69% þátttakenda var mjög sammála eða sammála því að viðkomandi kennari hafi verið framúrskarandi.

Opin spurning – Hvað líkaði þér best við þennan áfanga?

- Fagið er skemmtilegt, áhugavert og fræðandi.
- Skipulag.
- Andrúmsloft.
- Fjölbreytni.
- Námsmat.
- Umræða.

Opin spurning – Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga?

- Tímasetning.
- Skipulag.
- Einhæf kennsla.
- Námsmat.

Opin spurning – Hvernig heldur þú að hægt sé að bæta þennan áfanga?

- Auka fjölbreytni í kennslu og námsefni.
- Bæta skipulag.
- Vægi verkefna.

Opin spurning – Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

- Nei.
- Námsfni.
- Samræming.

Skýrslur deilda.

- Kennarar í íþróttagreinum vilja stofna íþróttakademíu.
- Bæta þarf tölvubúnaðinn í stofu 8.
- Vinnuumhverfi við verkefnaskil og einkunnir í MySchool þarf að bæta.
- Verkefnaskil nemenda er ekki nægilega góð.
- Stærðfræðikennarar hafa áhyggjur af sleppikerfi, þ.e. að nemendur þurfi ekki að fara í lokapróf ef vel gengur fram að því.
- Of margir kennarar um áfanga gerir samvinnu erfiða
- Vinna þarf að því að koma plöntu og skeljasafni skólans betur fyrir.
- Koma þarf tölvutengdum mælitækjum í efnfræði í notkun.
- Umræða um málefni líðandi stundar sbr kosning um álver í Hafnarfirði virkaði hvetjandi á nemendur.
- Dreifnám virðist fara vel af stað.
- Enskudeildin óskar eftir áskrift að OED online.
- Brýnt er að ganga í breytingar á Miðhúsi næsta skólaár.

Hlýtt á nemendur.

- Nemendum finnst námsálag vera hóflegt.
- Mjög skiptar skoðanir eru um fjarvistir og skólasókn.
- Nemendur eru sáttir við nýtt húsnæði skólans.
- Nemendur benda á að stundum hafi verið kalt í matsalnum.
- Nemendur benda á gera mætti skólan hlýlegri.
- Nemendur eru ánægðir með læsta skápa og bókasafn skólans.
- Nemendur telja að bæta mætti þráðlaust netkerfi skólans.

Hlýtt á kennara/ starfsmenn.

- Kennarar/starfsmenn leggja áherslu á jafnrétti til náms.
- Kvartað er yfir aðstöðu í viðtalsherbergjum.
- Nýtt húsnæði og nýuppgert húsnæði reynist vel.
- Kennarar/starfsmenn telja að tölvubúnaður og tölvuaðstaða nemenda mætti vera betri.

Útskriftarnemar.

- Viðhorf til menntunar er gott.
- Aðstaða til náms er góð.
- Útskriftarnemar taka ekki sterka aðstöðu til félagslífs í skólanum.

- Útskriftarnemar eru í heild ánægðir með veru sína í skólanum.
- 41% útskriftarnema hyggur á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi.
- 22% útskriftarnema hyggur ekki á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi.
- 37% útskriftarnema hefur ekki ákveðið hvað við tekur að loknu stúdentsprófi.

Aðgerðaáætlun

Líkt og undanfarin ár var útkomu úr kennaramati síðasta skólaárs komið til viðkomandi kennara eins fljótt og mögulegt var. Útkoma úr kennaramatinu ber ekki með sér að grípa þurfi til sérstakra aðgerða. Athugun á jafnréttismálum innan skólans leiddi í ljós að þau mál virðast í ágætu lagi. Hins vegar er rétt að hafa vakandi auga yfir slíkum málum því nokkuð stórt hlutfall þátttakenda var ekki alltaf tilbúin til þess að taka afstöðu til allra spurninga. Við athugun á tölvu og upplýsingaþjónustu skólans kom fram óánægja meðal kennara skólans. Við þessu var brugðist með því að bæta tölvu og vinnuástöðu kennara í skólanum. Rétt er þó að benda á að endurbætt tölvu og vinnuástaða virðist hafa fylgt byrjunarörðugleikar. Svo virðist sem kennarar nýti sér möguleika MySchool (innri vefur skólans) í auknum mæli. Stofnað hefur verið afrekssvið innan skólans. Boðið var upp á líffræði 123, en enn hefur ekki verið boðið upp á stærðfræði 262. Einhversskonar sleppikerfi hefur í auknum mæli verið tekið upp í námsmati í tungumálakennslu í skólanum. Frönskukennari skólans fékk nýja kennslutöfu.

Útkomu kennaramatsins var komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að útkoman var tilbúin. Skólameistari og aðstoðarskólameistari áttu viðtöl við kennara í framhaldi af því. Það er mat sjálfsmathópsins að útkoman úr kennaramatinu hafi í heild sinni verið jákvæð og ekki brýn ástæða til tafarlausra aðgerða. Hins vegar koma fram ábendingar í opnum spurningum matsins um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í framhaldi af afhendingu gagna var lögð áhersla á að kennarar skoði niðurstöðurnar ítarlega og taki þær til umræðu og meti viðbrögð. Kennarar eru því hvattir til þess að reyna að skapa gott starfsumhverfi, vinna skipulega, beita fjölbreyttum kennsluáferðum, skapa umræður og reyna að gera námið skemmtilegt, áhugavert og fræðandi.

Auk þess kemur fram að nemendur virðast ekki vera tilbúnir að viðurkenna ákveðið að þeir leggi hart að sér við námið. Örlíttill meirihluti nemenda segir að auðvelt sé að skilja námsefnið. Meirihluti nemenda er ósammála því að námsefnið sé þeim of erfitt. Minnihluti nemenda viðurkennir að þeir undirbúi sig vel fyrir kennslustundir. Með öðrum orðum, það má koma því á framfæri að námsárangur geti batnað ef nemendur eru tilbúnir að leggja á sig þá vinnu sem þarf til þess að ná góðum árangri í námi.

Skýrslur deilda – Félagsgreinasvið. Í skýrslu íþróttagreina kemur fram að íþróttabrautin sé að vaxa. Bendir fagstjóri á að með tíð og tíma gæti verið möguleiki á að stofna íþróttakademíu við skólann svipað og gert er við íþróttakademíuna í Reykjanesbæ. Rétt er að koma tölvumálum í stofu B302 í lag. Einnig er lagt til að unnið verði að leiðum til þess að bæta ritgerðarvinnu nemenda, og verkefnaskil.

Skýrslur deilda – Náttúrufræðasvið. Í stærðfræðideild koma fram áhyggjur af sleppikerfi þ.e. að nemendur þurfi ekki að fara í lokapróf ef vel gengur fram að því. Ekki gengur vel ef of margir kennarar kenna sama áfanga þar sem það gerir samstarf erfiðara. Lagt er til að líffræðistofa verði endurbætt, og að plöntu og skeljasafni skólans verði komið í betra horf. Gott væri að skrá sögu beinagrindar. Lagt er til að tölvutengdum mælitækjum í efnafræði verði komið í samband.

Skýrslur deilda – Málasvið. Kennarar nýta sér innra net skólans í vaxandi mæli enda æskja nemendur þess. Dreifnám, og aukin samvinna við grunnskóla bæjarins hefur farið vel af stað. Lagt er til að gengið verði í breytingar á Miðhúsi næsta skólaár. Bent er á að mikil orka fari í að leiðbeina nemendum sem ekki sína náminu mikinn áhuga, og að þeir nemendur sem hafi vilja til að læra fái ekki tækifæri til þess þar sem ekki er boðið upp á þá áfanga sem þeir vilja til að ná betri tökum í náminu í viðkomandi fagi. Almennt virðist námsárangur batna eftir því sem nemendur ná lengra í náminu. Að lokum þarf að laga tölvuna í stofu M304.

Hlýtt á nemendur – Almennt finnst nemendum námsálag vera hóflegt, mjög skiptar skoðanir eru um fjarvistir og skólasókn sérstaklega hvað varðar veikindi. Einnig var bent á misræmi milli þeirra reglna sem í gildi voru síðasta skólaár og þess sem fram kom í skóladagbók Flensborgarskólans sem dreift var til nemenda haustið 2006. Því er mikilvægt að þær reglur sem gefnar eru út um skólasókn séu samhljóða. Einhverskonar sleppikerfi og/eða símat virðist njóta hylli meðal nemenda. Því er rétt að benda kennurum að þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi mismunandi leiðir að námsmati. Nemendur eru yfirleitt sáttir við nýtt húsnæði skólans, en bent er á það mætti vera hlýrra (hitastig) og notalegra (húsgögn) í matsalnum. Nemendur eru ánægðir með læsta skápa og bókasafn, en bæta mætti þráðlaust netkerfi skólans.

Hýtt á kennara/starfsmenn – Í athugasemdum og viðbrögðum við kynningu á nýjum framhaldsskóla leggur starfsmannahópurinn áherslu á jafnrétti til náms, og

mikilvægt sé að koma til móts við þarfir nemenda. Varðandi umsjón er minnst á óaðlaandi aðstöðu í viðtalsherbergjum. Fram kemur að nemendur eigi auðvelt með að stunda námið vel og illa eftir því hvað þau sjálf vilja. Því er lagt til að nemendur séu hvattir til þess að gera eins vel og þeir geta. Nýtt húsnæði og nýuppgert húsnæði reynist vel. Gera mætti umhverfi skólans hlýlegara, t.d., með myndum á veggjum, og tölvubúnaður og tölvuaðstaða nemenda mætti vera betri.

Útskriftarnemar vorið 2007 – Viðhorf útskriftarnema til þeirra menntunar sem þeir fá er almennt gott. Aðstaða til náms er góð. Útskriftarnemar eru ekki tilbúnir til þess að taka sterka afstöðu til félagslífs, en eru þó í heild ánægðir með veru sína í skólanum. 41% nemenda hyggur á háskólanám strax næsta haust, 22% ætlar ekki í háskólanám næsta haust, og 37% nemenda hefur ekki ákveðið sig. Þrjátíu og sjö prósent nemenda hefur ekki ákveðið sig þegar verkefnið var unnið og því má vera að á endanum fari fleiri nemendur í háskólanám þó svo að ekki sé lagt af stað strax í kjölfar stúdentsprófs. Rétt er að benda nemendum á þá möguleika sem eru til náms að loknu stúdentsprófi.

Löggjafinn hefur ákveðið að fella samræmd stúdentspróf niður í því formi sem þau hafa verið síðastliðin ár. Hins vegar telur sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði ekki rétt að fella kaflann um virðisauka endanlega út úr sjálfsmati skólans. Megin- ástæðan fyrir því er að vera má að í framtíðinni verði komið á einhvers konar samræmdum verkefnum í framhaldsskólum landsins. Auk þess sem vera má að einfaldur samanburður á einkunnum nemenda gefi vísbendingu um framfarir í námi (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005). Því er lagt til að reyna með einföldum hætti helst með aðstoð innu og samræðu meðal kennara að draga fram vísbendingar um framfarir nemenda í námi.

Inngangur

Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Auk þess segir í lögum um framhaldsskóla að þeir eigi að innleiða aðferðir til sjálfsmats sem á að ná til allra þátta skólastarfsins.

Kennara/áfangamatið byggist á hugmyndum Arreola um slíkt mat sem eru birtar í bókinni *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Að auki byggist sjálfsmat Flensborgarskólans í Hafnarfirði á hugmyndum Kurt Lewine um "Action Research" (Marrow 1969). Að öðru leyti ráða verkefni, sem liggja fyrir hverju sinni, hvaða rannsóknaraðferðum er beitt.

Frá haustinu 1998 hefur sérstakur stýrihópur haft umsjón með sjálfsmati skólans. Í fyrsta stýrihópnum sátu skólameistari, fulltrúi kennara, fulltrúi deildarstjóra, fulltrúi annarra starfsmanna skólans og tveir fulltrúar nemenda. Að auki vann aðstoðarskólameistari með hópnum.

Í stýrihópi haustannar 2006 voru Einar Birgir Steinþórsson skólameistari, Magnús Þorkelsson aðstoðarskólameistari, Unnar Örn Þorsteinsson kennari í ensku, Sigríður Friðriksdóttir kennari í raungreinum, Guðrún Á. Guðmundsdóttir kennari í fjölmiðlun, Lilja Héðinsdóttir kennari í ensku, Hrefna Geirsdóttir kennari í íþróttagreinum. Verksvið þessa hóps var að ákveða hvað ætti að meta, stjórna könnunum, afla gagna, greina gögn og skrifa matsskýrslur. Unnar Örn Þorsteinsson stýrði vinnu sjálfsmatshópsins. Sjálfsmatshópurinn valdi að vinna afmörkuð verkefni með hliðsjón af vinnu síðasta árs og óskum sem fram höfðu komið. Samkvæmt sjálfsmatsáætlun var framkvæmt áfangamat á félagsgreinasviði skólans. Á vorönninni verður sjálfsmatsáætlun fylgt frekar eftir og frekari gögnum safnað um félagsgreinasviðið. Verkefnið hlýtt á kennara var lagt fyrir snemma á vorönn, 2007. Áfangamatið fólst í því að nemendur voru fengnir til þess að svara spurningalista um viðhorf þeirra til kennslu og náms á félagsgreinasviði skólans. Reynt var að miða við fimm stiga kvarða (+ + 0 - -) og var skoðað hvorum megin við 0 svörin féllu; þau svör sem féllu mínus megin voru álitin veikleiki en þau svör sem féllu plús megin voru álitin styrkleiki (Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004). Almenna námsbrautin var skoðuð í þeim tilgangi að draga fram helstu styrkleika og veikleika

hennar (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Lokið var við mat á almennu námsbrautinni, en byrjað var á því verkefni skólaárið 2005 til 2006. Þessu verkefni eru gerð ítarleg skil í sérskýrslu. Einnig var unnin samantekt á forvarnarverkefnum skólaáranna 2004 – 2005 og 2005 – 2006. Einnig var sett saman sérskýrsla um þetta verkefni. Verkefnið hlýtt á nemendur var unnið, venju samkvæmt, á vorönn 2007. Sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr skýrslum deilda í júní, 2007. Útskriftarnemendur voru spurðir um menntun, aðstöðu, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform.

Aðferð við mat

Gerðar voru tvær kannanir sem tengdust sjálfsmati á haustönninni 2006. Sú fyrri sneri að kennaramatinu sem lagt var fyrir um miðjan nóvember (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 1). Sú síðari sneri að athugun á stöðu almennu deildarinnar innan skólans (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005), en gagnasöfnun hófst um mánaðarmótin nóvember/desember með viðtölum við kennara sem hafa unnið við almennu deildina en störfuðu ekki við deildina skólaárið 2005 – 2006 (viðauki 1).

Á vorönninni var kennaramatið endurtekið fyrir þá áfanga á félagsgreinasviði sem eingöngu verða kenndir á vorönn. Markmiðið með kennaramatinu var að kanna hversu vel kennsluáðferðir falla að þörfum nemenda (Arreola, R. A 1995; PISA 2002; PISA 2004; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 1).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní, 2007 (viðaukar 4, 5 og 6). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar – og nýbreytnistarf innan skólans, samstarf innan deilda og samskipti við aðra, kennsluáætlanir, brotfall úr áföngum og próf (Lög um framhaldsskóla, 1996; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005).

Verkefnið hlýtt á nemendur var lagt fyrir í apríl, 2007 með sama hætti og undanfarin ár, og verkefnið hlýtt á kennara/starfsmenn var lagt fyrir með svipuðum hætti og verkefnið hlýtt á nemendur. Markmiðið með þessum verkefnum er að reyna að draga fram helstu styrkleika og veikleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvað má betur fara út frá viðhorfum nemenda og kennara/starfsmanna (viðauki 10, viðauki 11).

Nemendur sem ætluðu að útskrifast vorið, 2007 voru spurðir um viðhorf þeirra til menntunar, aðstöðu til náms, félaglíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com> (viðauki 12).

Þó að samræmd stúdentspróf í íslensku, ensku og stærðfræði hafi verið felld út úr löggjöf um framhaldsskóla er ekki ætlunin að fella kaflann um virðisauka náms út úr sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði að svo stöddu. Meginástæðan fyrir því er að vera má að í framtíðinni verði komið á einhvers konar samræmdum verkefnum í

framhaldsskólum landsins. Auk þess sem vera má að einfaldur samanburður á einkunnum nemenda gefi vísbendingu um framfarir í námi (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005)

Aðferðin við matið byggðist á eftirfarandi þáttum:

Þróun matstækja

Vali á þátttakendum

Gagnasöfnun

Greiningu gagna

Þróun matstækja

Við kennaramatið var stuðst við spurningar þróaðar af Arreola (1995), (McKeachie, 1999) (viðauki 1). Spurningalistinn stóð saman af fjölvalsspurningum og fjórum opnum spurningum. Sjálfsmatshópurinn valdi spurningar sem síðan voru þýddar yfir á íslensku samkvæmt leiðbeiningum Maxwell (1996) (a) og Mullis (1996). Spurningalistinn var forprófaður í einstaka nemendahópum. Tilgangurinn með forprófun var að kanna hvort spurningarnar svöruðu því sem leitað var eftir. Í öðru lagi kemur fram hvort þátttakendur skilja auðveldlega um hvað er verið að spyrja. Að síðustu segir forprófun til um hvort spurningarnar, sem lagðar eru fyrir nemendur, veiti þær upplýsingar sem leitað er eftir (Airasian, 2007, Whitley 1996; Creswell 2001).

Í verkefninu hlýtt á nemendur voru nemendur spurðir um álag, félagslíf, fjarvistir – skólasókn, námsmat og nýtt húsnæði skólans. Í verkefninu hlýtt á kennara voru starfsmenn skólans beðnir um athugasemdir og viðbrögð við kynningu á nýjum framhaldsskóla, stöðu skólans, stefnu skólans, samsetningu nemenda, umsjón, og nýtt húsnæði. Bakgrunnur verkefnanna eru að mestu leiti sóttur í sjálfsmatsskýrslur skólans síðastliðin ár.

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní, 2007 (viðaukar 4, 5 og 6). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar – og nýbreytnistarf innan skólans, samstarf innan deilda og samskipti við aðra, kennsluáætlanir, brotfall úr áföngum og próf (Lög um framhaldsskóla, 1996; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Auk þess sem sviðsstjórar hafa sett in liði sem þeim þykir viðeigandi fyrir sérhvert svið.

Nemendur sem ætluðu að útskrifast vorið, 2007 voru spurðir um viðhorf þeirra til menntunar, aðstöðu til náms, félagslífs, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com>. Útskriftarnemendur fengu sendan rafpóst frá skólameistara sem í var krækja á vefsíðu. Á þessari vefsíðu voru nemendur beðnir um að svara fjölvalsspurningum um ofangreinda þætti.

Þó að lög um framkvæmd samræmds stúdentsprófs í íslensku, ensku og stærðfræði hafi verið felld út gildi er ekki ætlunin að fella kaflann um virðisauka náms út úr sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði að svo stöddu. Meginástæðan fyrir því er

að vera má að í framtíðinni verði komið á einhvers konar samræmdum verkefnum í framhaldsskólum landsins. Auk þess sem vera má að einfaldur samanburður á einkunnum nemenda gefi vísbendingu um framfarir í námi (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005). Nemendur skólans þreyttu samræmd stúdentspróf í íslensku, stærðfræði og ensku skólaárið 2004 - 2005. Ætlunin var að nýta upplýsingar úr þessum prófum til þess að segja eitthvað til um virðisauka í námi nemenda við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. En forsendur mælinga á virðisauka eru að próf fari fram árlega, að gagnaskráning sé rafræn, að nemendur og kennarar hafi sínar kennitölur, að fjöldi nemenda í hverju prófi, frá hverjum skóla sé nægilegur til þess að marktæk tölfræðileg úrvinnsla geti farið fram að búin sé til mælistika sem geti mælt virðisauka í námi nemenda (Doran 2003). Framkvæmd samræmdra prófa gekk ekki sem skyldi haustið 2005 og engin samræmd próf fóru fram vorið 2006. En samræmd próf í núverandi mynd voru felld úr gildi vorið 2006 (mbl.is, 5. apríl, 2006).

Val þátttakenda

Við kennara/áfangamatið svöruðu nemendur spurningunum hjá kennurum félagsgreinasviðs (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002 ; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 - 2005). Allir kennarar almennu námsbrautarinnar sem ekki kenndu við hana á síðustu önn, voru teknir í viðtöl. Allir kennarar almennu námsbrautarinnar, sem kenndu við hana skólaárið 2005 – 2006, voru teknir í viðtöl. Foreldrar og forráðamenn nemenda við almennu deildina voru teknir í viðtöl. (Flanagan 1954; 1949; Fullan 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996 (b), McNiff 2001). Allir nemendur almennu námsbrautarinnar fengu sendar spurningar með aðstoð <http://www.zoomerang.com> varðandi viðhorf þeirra til náms, aðstöðu og félagslífs í skólanum (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Verkefnin hlýtt á nemendur og hlýtt á kennara/starfsmenn voru lögð fyrir á vordögum 2007. Öllum nemendum skólans var boðin þátttaka í verkefninu hlýtt á nemendur, og öllum starfsmönnum skólans var boðin þátttaka í verkefninu hlýtt á kennara/starfsmenn. Öllum útskriftarnemendum vorið 2007 var boðin þátttaka í verkefninu útskriftarnemar vorið, 2007. Kennarar voru beðnir um að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir hvern áfanga fyrir sig. Þeim skrifum var ætlað að liggja til grundvallar skýrslum deilda (Airasian 1997; Lög um framhaldsskóla, 1996).

Gagnasöfnun

Áfangamataskönnunin var lögð fyrir nemendur í annarri viku nóvembermánaðar árið 2006. Þessi könnun verður endurtekin fyrir þá áfanga sem einungis eru kenndir á vorönn 2007. Þeir kennarar, sem tóku þátt í henni, fengu afhent umslag með spurningablöðum og miða fyrir upplýsingar um áfangann, um hvaða hóp var að ræða og hvaða kennara. Kennarinn afhenti nemendum spurningablöðin í kennslustund og nemendur svöruðu. Kennarinn setti miðann útfylltan með upplýsingunum um áfangann í umslagið. Einn nemandi í hópnum var fenginn til þess að safna saman spurningablöðunum og setja þau í umslagið. Viðkomandi nemandi afhenti umslögin með útfylltum svarblöðum á skrifstofu skólans (Creswell 2001; Sjálfsmat skólaárið 2001 - 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 - 2005). Sjálfsmatsstjóri vann tíðnitöflur og aðra tölfræði, skólameistari og sjálfsmatsstjóri unnu úr opnu spurningunni í áfangamatinu. Þeir kennarar, sem áhuga höfðu, gátu lagt matið fyrir alla sína áfanga bæði á haust- og vorönn. (Framhaldsskólalög 1996; Fullan 1999; Iwanicki 2001; Iwanicki 1990; Marrow 1969; Maxwell 1996 (b); McKeachie 1999; McNiff 2001).

Þátttakendur í matinu á almennu námsbrautinni voru teknir í viðtöl í lok nóvember og byrjun desember haustið 2005. Haldið var áfram með þessi viðtöl á vorönn 2006. Þátttakendur fengu opnar spurningar sem sneru að því hvað vel er gert innan deildarinnar og hvernig bæta mætti starfið enn frekar. Viðtölin voru tekin upp og færð á rafrænt form auk þess sem þau voru skráð. Gagnasöfnun lauk með viðtölum við nemendur sem enn voru í námi við skólann, vorið 2007, og með símaviðtölum við foreldra og/eða forráðamenn nemenda á almennu námsbrautinni í mars, 2007. (Airasian, 2007, Flanagan 1949;1954; Fullan; 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996 (b), McNiff 2001; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Sjálfsmatsstjóri sá um gagnasöfnun, flokkun ganga og skráningu.

Verkefnin hlýtt á nemendur og hlýtt á kennara/starfsmenn voru unnin á vordögum, 2007. Í verkefninu hlýtt á nemendur voru nemendur spurðir um álag, félagslíf, fjarvistir – skólasókn, námsmat og nýtt húsnæði skólans. Í verkefninu hlýtt á kennara/starfsmenn voru starfsmenn skólans beðnir um athugasemdir og viðbrögð við kynningu á nýjum framhaldsskóla, stöðu skólans, stefnu skólans, samsetningu nemenda, umsjón, og nýtt húsnæði. Aðstoðarskólameistari og skrifstofa skólans sá um söfnun gagna úr verkefninu

hlýtt á nemendur. Sjálfsmatsstjóri sá um frekari úrvinnslu úr verkefningunum hlýtt á nemendur og hlýtt á kennara/starfsmenn og samantek í þessari skýrslu.

Forvarnar/lífsstíls verkefnið var unnið á vorönn 2007. Sjálfsmatsstjóri sá um vinnslu þessa verkefnis þar sem útkoma úr þeim forvarnar/lífsstílsverkefnum sem unnin hafa verið var borin saman og megin skilaboð úr þeim verkefnum dregin fram.

Öllum útskriftarnemendum vorið 2007 var boðin þátttaka í verkefningu útskriftarnemar vorið, 2007. Sjálfsmatsstjóri safnaði gögum saman með aðstoð <http://www.zoomerang.com>.

Sviðsstjórar sáu um vinnu við skýrslur deilda og var samantekt úr þeim skilað inn í júní, 2007. Grunnurinn að skýrslum deilda er sóttur í Lög um framhaldsskóla frá árinu 1996.

Greining gagna

Eftir að söfnun gagna úr kennara/áfangamatinu lauk sá sjálfsmatsstjóri um að skrá gögnin, skilgreina breytur, búa til tíðnitöflur og línurit fyrir hverja spurningu. Skólameistari sá um frekari greiningu þessara gagna. Sjálfsmatsstjóri vann greiningu ganga varðandi nám á almennu námsbrautinni. Sjálfsmatsstjóri vann greiningu gagna varðandi forvarnir. Skrifstofa skólans sá um skráningu ganga varðandi hlýtt á nemendum, en sjálfsmatsstjóri og skólameistari sáu um frekari greiningu þeirra gagna. Sviðsstjórar lásu skýrslur deilda og flokkuðu þau gögn. Skrifstofa skólans og sjálfsmatsstjóri unnu úr verkefninu hlýtt á kennara/starfsmenn. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu ganga varðandi útskriftarnema vorið 2007.


Útkoma

Kennara/Áfangamat
Um virðisauka

Kennara/Áfangamat


Breyturnar fyrir fjölvaspurningarnar fyrir kennaramatið voru flokkaðar sem *mjög sammála*, *sammála*, *hvorki né*, *ósammála*, *mjög ósammála*, og *ólesið*. Fyrsta spurning var um kyn og voru 51% þátttakenda konur og 48% voru karlar. Útkoman úr fyrstu spurningu kemur fram á mynd 1.

Mynd 1




Önnur spurning hljóðaði svo: „Þetta var góður áfangi.“ Sjötíu og átta prósent svara féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Prósentuhlutfall fyrir hverja breytu í spurningu tvö kemur fram á mynd 2.

Mynd 2




Þriðja spurningin hljóðaði svo: „Ég skrúpaði meira í þessum áfanga en öðrum.“ Sjötíu prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *mjög ósammála* og *ósammála*. Útkoman úr spurningu þrjú kemur fram á mynd 3.

Mynd 3



Fjórða spurningin var svohljóðandi: „Ég lagði meira á mig í þessum áfanga en öðrum.“ Þrjátíu og níu prósent svara féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Fjörtíu og átta prósent þátttakenda merkti við valkostinn *hvorki né*. Útkoman er sýnd á mynd 4.


Mynd 4



Ég lagði meira á mig í þessum áfanga en öðrum

„Ég fékk reglulega vitnisburð um námslega stöðu mína í áfanganum“ var spurningin í fimmta lið. Féllu 38% svara í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Þrjátíu og fimm prósent þátttakenda merkti við valkostinn *hvorki né*. Útkoman úr fimmtu spurningu birtist á mynd 5.


Mynd 5



Ég fékk reglulega vitnisburð um námslega stöðu mína í áfanganum


Sjötta spurning var svohljóðandi: „Kennarinn var tilbúinn að breyta áætlun til að koma til móts við þarfir nemenda.“ Sextíu og fjögur prósent svara féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr sjöttu spurningu sést á mynd 6.

Mynd 6




Sjöunda spurning hljóðaði svo: „Lesefni áfangans reyndi á mig.“ Fjörtíu og þrjú prósent svara féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman birtist á mynd 7.

Mynd 7




Áttunda spurningin var: „Það var auðvelt að skilja aðallesefni áfangans“ og féllu 58% svara í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr áttundu spurningu kemur fram á mynd 8.

Mynd 8




Níunda spurningin hljóðaði svo: „Verkefni hjálpuðu mér að skilja námsefnið betur.“ Sextíu prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr níundu spurningu kemur fram á mynd 9.

Mynd 9




„Námsefni áfangans var of erfitt fyrir mig“ var spurningin í tíunda lið, og féllu 54% svara í flokkana *mjög ósammála* og *ósammála*. Útkoman úr tíundu spurningu birtist á mynd 10.

Mynd 10




Ellefta spurning var svohljóðandi: „Markmið áfangans voru vel útskýrð“ og féllu 73% svara í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr elleftu spurningu sést á mynd 11.

Mynd 11




Tólfta spurning hljóðaði svo: „Námsefnið féll vel að markmiðum áfangans.“ Sjöttíu prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr tólftu spurningu kemur fram á mynd 12.

Mynd 12




„Nemendur fengu tækifæri til þess að spyrja spurninga“ var þrettánda spurningin. Áttatíu og eitt prósent svara féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr þrettánda spurningu birtist á mynd 13.

Mynd 13




Fjórtaða spurningin var: „Kennarinn nýtti kennslustundirnar vel.“ Sjötíu og sjö prósent svara féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr fjórtaðu spurningu kemur fram á mynd 14.

Mynd 14




„Mér fannst auðvelt að spyrja spurninga í þessum tímum“ var spurningin í fimmtánda lið og féllu 70% svara í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr fimmtánda spurningu birtist á mynd 15.

Mynd 15




„Það var nauðsynlegt að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu“ var spurningin í sextánda lið og féllu 63% svara í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr sextánda spurningu birtist á mynd 16.

Mynd 16




Sautjándi spurning hljóðaði svo: „Ég bjó mig vel undir tíma í þessum áfanga.“ Tuttugu og fjögur prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*, 40% merktu við *hvorki né*. Útkoman úr sautjándi spurningu kemur fram á mynd 17.

Mynd 17




Átjándi spurning hljóðaði svo: „Kennarinn fylgdi kennsluáætlun eftir.“ Sjötíu og þrjú prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr átjándu spurningu kemur fram á mynd 18.

Mynd 18




Nítjándi spurning hljóðaði svo: „Þessi kennari var framúrskarandi.“ Sextíu og átta prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *mjög sammála* og *sammála*. Útkoman úr nítjándu spurningu kemur fram á mynd 19.

Mynd 19



Eins og fram kemur í mynd 20 höfðu flestir þátttakenda eða 33% lokið 0–35 einingum; 20% höfðu lokið 36–71 einingu; 21% höfðu lokið 72–107 einingum og 17% þátttakenda höfðu lokið 108 einingum eða meira. Svör frá 9% þátttakenda um einingafjölda féllu í flokkinn *ólesið* (sjá viðauka 2).

Mynd 20



Opin spurning í áfangamatinu – Hvað líkaði þér best við þennan áfanga?

Nokkrir nemendur bentu á að viðkomandi fag væri út af fyrir sig skemmtilegt, unnið með áhugaverðum hætti og efnið fræðandi. Auk þess var minnst á að gott skipulag skipti verulegu máli. Nemendum líkaði við þægilegt andrúmsloft, fjölbreytni í kennslu, og töldu „símat“ eða einhversskonar sleppikerfi vera farsælast við námsmat. Að síðustu líkaði nemendum vel fræðandi og áhugverð umræða sem fram fór í tímum.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga?

Nemendur bentu á að í sumum tilvikum væri námsefnið ekki áhugavert og stundum illa útskýrt. Algengara var að nemendur nefndu skipulagsleysi sem helsta ókost viðkomandi áfanga, skipulagsleysi og einhæf kennsla. Nokkrir bentu á að tímasetning áfanga í töflu hentaði nemendum ekki alltaf vel. Að síðustu má telja að nokkrir nemendur gerðu

athugasemdir við námsmat, þá sérstaklega við stór lokaverkefni eða lokapróf í próflausum áföngum.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvernig heldur þú að hægt sé að bæta þennan áfanga? Nemendur bentu helst á að auka mætti fjölbreytni í kennslu og námsefni. Auk þess sem að bæta mætti bæta skipulag í sumum tilfellum. Að síðustu benda nemendur á að í sumum tilfellum mætti vera með fleiri verkefni og hvert verkefni hefði minna vægi, frekar en stór verkefni sem ráða miklu um árangur í náminu.

Opin spurning í áfangamatinu – Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram? Langflestir nemendur svöruðu þessari spurningu einfaldlega neitandi. Nokkrir gerðu athugasemdir við námsefni. En einnig var bent á að skortur væri á samræmingu í námsmati.

Skýrslur deilda – Félagsgreinasvið. Í skýrslu ípróttagreina kemur fram að ípróttabrautin sé að vaxa. Bendir fagstjóri á að með tíð og tíma gæti verið möguleiki á að stofna ípróttakademíu við skólann svipað og gert er við ípróttakademíuna í Reykjanesbæ.

Í skýrslu viðskiptagreina kemur fram, eins og oft áður, að tölvan í stofu B302 sé afar hægvirkt og að kennarar þurfi helst að mæta 10 mínútum fyrir upphaf tímans til að geta hafið kennslu á eðlilegum tíma. Kennarar deildarinnar vonast því til að fá kennslustofu með hefbundnum lágmarksútbúnaði til kennslu næsta vetur. Í því felst meðal annars að hafa tölvu sem þarf ekki að „ýta í gang“. Einnig kemur fram að kennarar deildarinnar hafi notað innra net skólans þó nokkuð en ekki fundist kerfið henta nægilega vel fyrir verkefnaskil og einkunnir.

Þann 4. maí 2006 var samþykkt lagafrumvarp menntamálaráðherra sem meðal annars gerir ráð fyrir nýrri stúdentsbraut, viðskipta- og hagfæðibraut. Lögin öðlast þegar gildi. Skólum er heimilt að kenna eftir áfangalýsingum í viðskipta- og hagræðigreinum sem skrifuð voru síðasta sumar vegna styttingar náms til stúdentsprófs. Það er von kennara deildarinnar að nám í viðskipta- og hagfræðigreinum glæðist á næstu árum með tilkomu nýju stúdentsbrautarinnar.

Í skýrslu félagsgreina kemur fram að mæting nemenda hafi verið vandamál eins og í öðrum greinum á þessari önn þar sem veikindi hafi verið mikil. Skil nemenda á verkefnum er einnig full slök og hafa kennarar í félagsgreinum áhyggjur af þeirri þróun.

Í skýrslu sögudeildar koma fram áhyggjur af vinnubrögðum við ritgerðir. Margir nemendur ráða illa við ritgerðir og sinna ekki sem skyldi þeirri mikilvægu þjálfun sem slík vinna er.

Skýrslur deilda – Náttúrufræðasvið. Í stærðfræðideild koma fram áhyggjur af sleppikerfi þ.e. að nemendur þurfi ekki að fara í lokapróf ef vel gengur fram að því. Einnig kom fram að nokkrir nemendur margfalla í áfanga sem er áhyggjuefni, og í kjölfarið hafa nemendur þurft að skipta um braut. Fulltrúi stærðfræðideildar tók þátt í samstarfi við skóla í Óðinsvé í Danmörku.

Í líffræðideild kom fram að fjórir kennarar kenndu nátt 103. Þegar þetta margir kenna sama áfangann þá er oft erfitt að hittast á skólatíma til að bera saman bækurnar. Síðastliðið sumar var líffræðistofan endurnýjuð en því miður stóðust ekki allar vonir þar sem ekki var farið eftir óskum kennara, því þarf að laga hana aftur. Verklept rými batnaði þó mikið. Nýjar smásjár komu inn á skólaárinu og reynast þær vel. Eggjasafni skólans var komið fyrir með uppstoppuðum dýrum á tengigangi skólans. Gaman væri ef skólinn hefið efni á að eignast nokkra fugla í viðbot við þetta safn. Unnið er að því að fá skápa fyrir skeljasafn skólans sem er talið þriðja besta skeljasafn landsins og vonandi verður það uppsett í haust. Plöntusafn skólans er einnig merkilegt og er sumt frá því um aldamótin 1900 og þarf að huga að koma því betur fyrir sem fyrst. Sögu beinagrindar þarf einnig að festa á blað svo ekki glatist.

Í efnafræðideild kemur fram að miklar efasemdir eru í gangi um nátt 123. Gott námsefni er ekki til og fyrirkomulag áfangans telja kennarar ómögulegt. Sumir nemendur hafa lært námsefnið í gunnskóla aðrir ekki. Æskilegt er að skipta hópum upp þannig að nemendur á náttúrufræðabraut séu sér. Markmið deildarinnar hafa ekki gengið eftir þar sem betrubótum á efnafræðistofu var frestað. Ekki hefur tekist að koma tölvutengdum mælitækjum í notkun og að deila geymslu með öðrum fögum er erfitt.

Í jarðfræðideild kom fram að umræða um stækkun álvers í Straumsvík lífgaði upp á áfangann nátt 113. Í Jar 103 kvartaði kennari undan metnaðarleysi nemenda.

Skýrslur deilda – Málasvið. Í íslenskudeildinni hefur þróunar- og nýbreytnistarf ekki verið mikið umfram það sem hlýtur að vera hluti af daglegu starfi. Kennarar nýta sér innra net skólans í vaxandi mæli enda æskja nemendur þess.

Dönskudeildinn hefur átt í samstarfi við Falkonergaardens Gymnasium og HF til margra ára. Fjarnám (dreifnám) í dönsku þykir hafa farið vel af stað.

Dreifnám í ensku og aukin samvinna við grunnskóla bæjarins virðist fara vel af stað. Námsmat byggir á ritun, lestri, málfærði og orðaforða. Það er umhugsunarefni hvort ekki á að krefjast einhverra lágmarksskila á verkefnum í próflausum áföngum, ensku 403 og 503. Í efri áföngum er það vaxandi vandamál að nemendur taki efni af netinu og geri að sínu. Kennsluáætlanir eru mikilvægt vinnuþagg fyrir kennara og nemendur. Mikið gagn væri að því fyrir enskudeildina ef skólinn hefði áskrift að OED (Oxford English Dictionary Online). Hér er vafalaust um að ræða bestu orðabók sem völ er á fyrir nemendur og kennara í ensku. Tölvan í stofu M304 er mjög sein og því þarf að láta laga það. Ekki var gengið í breytingar í Miðhúsi eins og til stóð, en brýnt er að í það verk verði farið sem fyrst.

Í frönskudeildinni kemur fram að byrjunarhópar hafi reynst erfiðir en þó með mismunandi hætti. Sumir hópar áttu í erfiðleikum með námsefnið, í öðrum skapaðist frekar erfitt og neikvætt andrúmsloft, en í öðrum hópum gekk námið og vinnan vel. Hins vegar fengu duglegir nemendur sem voru komnir lengra í námi ekki inn þá áfanga sem þá vantaði. Mikil orka fór því í nemendur sem sýndu náminu ekki mikinn áhuga, og þeir nemendur sem vilja læra fengu ekki þá áfanga sem þá langaði til að taka til þess að ná frekari tókum á tungumálinu.

Vinna í þýskudeildinni er í föstum skorðum. Námsmat hefur farið fram með svipuðum hætti undanfarin ár. Námsárangur batnar eftir því sem nemendur ná lengra í námi.

Hlýtt á nemendur – Almennt finnst nemendum námsálag vera hóflegt, mjög skiptar skoðanir eru um fjarvistir og skólasókn sérstaklega hvað varðar veikindi. Einnig var bent á misræmi milli þeirra reglna sem í gildi voru síðasta skólaár og þess sem fram kom í skóladagbók Flensborgarskólans sem dreift var til nemenda haustið 2006. Einhverskonar sleppikerfi og/eða símat virðist njóta hylli meðal nemenda. Nemendur eru yfirleitt sáttir við nýtt húsnæði skólans, en bent er á það mætti vera hlýrra (hitastig) og notalegra (húsgögn) í matsalnum. Nemendur eru ánægðir með læsta skápa og bókasafn, en bæta mætti þráðlaust netkerfi skólans.

Hýtt á kennara – Í athugasemdum og viðbrögðum við kynningu á nýjum framhaldsskóla leggur starfsmannahópurinn áherslu á jafnrétti til náms, og mikilvægt sé að koma til móts við þarfir nemenda. Varðandi umsjón er minnst á óaðlaandi aðstöðu í viðtalsherbergjum. Fram kemur að nemendur eigi auðvelt með að stunda námið vel og illa eftir því hvað þau sjálf vilja. Nýtt húsnæði og nýuppgert húsnæði reynist vel. Bent er á að ekki sé gott að hafa kennarastofu og mötuneyti tvískipt. Gera mætti umhverfi skólans hlýlegara, t.d., með myndum á veggjum, innkoma frá Hringbraut væri þröng og tölvubúnaður og tölvuaðstaða nemenda mætti vera betri.

Útskriftarnemar vorið 2007 – Viðhorf útskriftarnema til þeirra menntunar sem þeir fá er almennt gott. Aðstaða til náms er góð. Útskriftarnemar eru ekki tilbúnir til þess að taka sterka afstöðu til félagslífs, en eru þó í heild ánægðir með veru sína í skólanum. 41% nemenda hyggur á háskólanám strax næsta haust, 22% ætlar ekki í háskólanám næsta haust, og 37% nemenda hefur ekki ákveðið sig.

Löggjafinn hefur ákveðið að fella samræmd stúdentspróf niður í því formi sem þau hafa verið síðastliðin ár. Hins vegar telur sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði ekki rétt að fella kaflann um virðisauka endanlega út úr sjálfsmati skólans. Megin- ástæðan fyrir því er að vera má að í framtíðinni verði komið á einhvers konar samræmdum verkefnum í framhaldsskólum landsins. Auk þess sem vera má að einfaldur samanburður á einkunnum nemenda gefi vísbendingu um framfarir í námi (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005).

Niðurstöður/Umræða

Áfangamatið var lagt fyrir félagsgreinasvið skólans í lok haustannar og endurtekið í lok vorannar fyrir þá áfanga sem ekki voru kenndir á haustönn. Útkoman bendir ekki til þess að þörf sé sérstakra aðgerða fyrir félagsgreinasvið. Aftur á móti kemur fram að nemendur virðast ekki vera tilbúnir að viðurkenna ákveðið að þeir leggi hart að sér við námið. Örlítill meirihluti nemenda segir að auðvelt sé að skilja námsefnið. Meirihluti nemenda er ósammála því að námsefnið sé þeim of erfitt. Minnihluti nemenda viðurkennir að þeir undirbúi sig vel fyrir kennslustundir. Með öðrum orðum má ætla að námsárangur nemenda gæti batnað ef nemendur væru tilbúnir að leggja á sig þá vinnu sem þarf til þess að ná góðum árangri í námi sínu.

Skýrslur deilda – Félagsgreinasvið. Í skýrslu íþróttagreina kemur fram að íþróttabrautin sé að vaxa. Bendir fagstjóri á að með tíð og tíma gæti verið möguleiki á að stofna íþróttakademíu við skólann svipað og gert er við íþróttakademíuna í Reykjanesbæ. Rétt er að koma tölvunni í stofu 8 í lag. Einnig er lagt til að unnið verði að leiðum til þess að bæta ritgerðarvinnu nemenda, og verkefnaskil.

Skýrslur deilda – Náttúrufræðasvið. Í stærðfræðideild koma fram áhyggjur af sleppikerfi þ.e. að nemendur þurfi ekki að fara í lokapróf ef vel gengur fram að því. Ekki gengur vel ef of margir kennarar kenna sama áfanga þar sem það gerir samstarf erfiðara. Lagt er til að líffræðistofa verði endurbætt, og plöntu og skeljasafni skólans sé betur komið fyrir. Gott væri að skrá sögu beinagrindar. Lagt er til að tölvutengdum mælitækjum í efnafræði verði komið í samband.

Skýrslur deilda – Málasvið. Kennarar nýta sér innra net skólans í vaxandi mæli enda æskja nemendur þess. Dreifnám, og aukin samvinna við grunnskóla bæjarins hefur farið vel af stað. Lagt er til að gengið verði í breytingar á Miðhúsi næsta skólaár. Bent er á að mikil orka fari í að leiðbeina nemendum sem ekki sýna náminu mikinn áhuga, og að þeir nemendur sem hafi vilja til að læra fái ekki tækifæri til þess þar sem ekki er boðið upp á þá áfanga sem þeir vilja til að ná frekari tökum í náminu. Almennt virðist námsárangur batna eftir því sem nemendur ná lengra í náminu.

Hlýtt á nemendur – Almennt finnst nemendum námsálag vera hóflegt, mjög skiptar skoðanir eru um fjarvistir og skólasókn sérstaklega hvað varðar veikindi. Einnig

var bent á misræmi milli þeirra reglna sem í gildi voru síðasta skólaár og þess sem fram kom í skóladagbók Flensborgarskólans sem dreift var til nemenda haustið 2006. Því er mikilvægt að þær reglur sem gefnar eru út um skólasókn séu samhljóða. Einhverskonar sleppikerfi og/eða símat virðist njóta hylli meðal nemenda. Því er rétt að benda kennurum að þá möguleika sem fyrir hendi varðandi mismunandi leiðir að námsmati. Nemendur eru yfirleitt sáttir við nýtt húsnæði skólans, en bent er á það mætti vera hlýrra (hitastig) og notalegra (húsgögn) í matsalnum. Nemendur eru ánægðir með læsta skápa og bókasafn, en bæta mætti þráðlaust netkerfi skólans.

Hlýtt á kennara/starfsmenn – Í athugasemdum og viðbrögðum við kynningu á nýjum framhaldsskóla leggur starfsmannahópurinn áherslu á jafnrétti til náms, og mikilvægt sé að koma til móts við þarfir nemenda. Varðandi umsjón er minnst á óaðlaðandi aðstöðu í viðtalsherbergjum. Fram kemur að nemendur eigi auðvelt með að stunda námið vel og illa eftir því hvað þau sjálf vilja. Því er lagt til að nemendur séu hvattir til þess að gera eins vel og þeir geta. Nýtt húsnæði og nýuppgert húsnæði reynist vel. Gera mætti umhverfi skólans hlýlegara, t.d., með myndum á veggjum. Auk þess sem bæta mætti tölvubúnað og tölvuaðstöðu nemenda.

Útskriftarnemar vorið 2007 – Viðhorf útskriftarnema til þeirra menntunar sem þeir fá er almennt gott. Aðstaða til náms er góð. Útskriftarnemar eru ekki tilbúnir til þess að taka sterka afstöðu til félagslífs, en eru þó í heild ánægðir með veru sína í skólanum. 41% nemenda hyggur á háskólanám strax næsta haust, 22% ætlar ekki í háskólanám næsta haust, og 37% nemenda hefur ekki ákveðið sig. Þrjátíu og sjö prósent nemenda hefur ekki ákveðið sig þegar verkefnið var unnið og því má vera að á endanum fari fleiri nemendur í háskólanám þó svo að ekki sé lagt af stað strax í kjölfar stúdentsprófs.

Löggjafinn hefur ákveðið að fella samræmd stúdentspróf niður í því formi sem þau hafa verið síðastliðin ár. Hins vegar telur sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði ekki rétt að fella kaflann um virðisauka endanlega út úr sjálfsmati skólans. Megin- ástæðan fyrir því er að vera má að í framtíðinni verði komið á einhvers konar samræmdum verkefnum í framhaldsskólum landsins. Auk þess sem vera má að einfaldur samanburður á einkunnum nemenda gefi vísbendingu um framfarir í námi (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason,

2005). Því er lagt til að reyna með einföldum hætti helst með aðstoð innu og samræðu við kennara að draga fram vísbendingar um framfarir í námi.

Lokaorð, umræða og ábendingar

Ákveðnir liðir virðast hafa öðlast fastan sess í sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Skýrslur deilda eru teknar saman á hverju skólaári. Skólaárið 2006 – 2007 fór fram áfangamat fyrir félagsgreinasvið skólans og skólaárið 2007 – 2008 fer fram áfangamat fyrir náttúrufræðasvið skólans. Hlýtt á nemendur er verkefni sem lagt er fyrir á hverju vori. Bætt hefur við sams konar verkefni sem heitir hlýtt á kennara/starsmenn. Verkefni, sem snúa að forvörnum og lífsstíl nemenda, eru nokkuð oft lögð fyrir, auk þess sem önnur sjálfsmatsverkefni eru lögð fyrir hagsmunaaðila skólans eftir því sem þurfa þykir og tækifæri gefast til.

Það er mat sjálfsmatsstjóra að vinna við skoðun á almennu námsbrautinni hafi gengið vel. Spurning er hvort ekki verði beitt svipaðir aðferðarfræði við lausn svipaðra verkefna sem kunna að falla til á skólaárinu 2007 – 2008. Hér má t.d. nefna móttöku nýrra starfsmanna, og móttöku þeirra nemenda sem koma í skólann af landsbyggðinni. Í þessum verkefnum mætti reyna að draga fram hvað sé vel gert, hvað megi betur fara, hvernig við getum bætt okkur og annað það sem viðkomandi viðföng álíta að skipti máli og þurfi að koma fram.

Útskriftarnemar vorið 2007 – Viðhorf útskriftarnema til þeirra menntunar sem þeir fá er almennt gott. Aðstaða til náms er góð. Útskriftarnemar eru ekki tilbúnir til þess að taka sterka afstöðu til félagslífs, en eru þó í heild ánægðir með veru sína í skólanum. 41% nemenda hyggur á háskólanám strax næsta haust, 22% ætlar ekki í háskólanám næsta haust, og 37% nemenda hefur ekki ákveðið sig. Þrjátíu og sjö prósent nemenda hefur ekki ákveðið sig þegar verkefnið var unnið og því má vera að á endanum fari fleiri nemendur í háskólanám þó svo að ekki sé lagt af stað strax í kjölfar stúdentsprófs. Hér má því leggja til að nemendur fái fræðslu um þá möguleika sem eru á námi að loknu stúdentsprófi.

Þó svo búið sé að fella samræmd stúdentspróf úr löggjöf um framhaldsskóla þykir ekki ástæða til þess að fella hugmyndir um mælingu virðisauka alveg út úr þessari skýrslu. Vera má að tækifæri til þessara mælinga séu nú þegar fyrir hendi með athugun á rafrænum skráningum um námsmat í Innu. En í grein sinni „Adding Value to Accountability“ dregur Doran (2003) fram helstu þætti sem þurfa að vera fyrir hendi til

Þess að mögulegt sé að mæla virðisauka í námi nemenda. Þar heldur hann því fram að forsendur mælinga á virðisauka séu að próf fari fram árlega, að gagnaskráning sé rafræn, að nemendur og kennarar hafi sínar kennitölur, að fjöldi nemenda í hverju prófi, frá hverjum skóla sé nægilegur til þess að marktæk tölfræðileg úrvinnsla geti farið fram, og að búin sé til mælistika sem geti mælt virðisauka í námi nemenda. Því er rétt að athuga hvort rétt sé að gera tilraun til þess að athuga hvort nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir í Innu til þess að mögulegt sé að meta virðisauka í námi nemenda. Auk þess sem vera má að mögulegt sé að leggja einhvers konar verkefni fyrir nýnema skólans, sem nemendur síðan leysa aftur í lok námstíma síns. Þannig opnast möguleiki til þess að mæla virðisauka út frá svipuðum forsendum og mögulegt er að gera í PISA verkefninu (PISA, 2002; PISA, 2004). Þess utan má vera að samanburður á einkunnum nemenda gefi vísbendingu um framfarir í námi (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005). Því er lagt til að reyna með einföldum hætti helst með aðstoð innu og samræðu meðal kennara að draga fram vísbendingar um framfarir í námi.

Heimildir

- Airasian, P.W., Gullickson, A.R. (1997). *Teacher Self Evaluation-Tool Kit*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, CA. USA.
- Airasian, P.W., Gay, .L.R., Geoffrey, E. M. (2007) *Educational Research – Competencies for Analysis and Applications*. Prentice Hall. MJ.
- Angelo, T.A., & Cross, K.P. (1994). *Classroom Assessment Techniques: A Handbook for College Teachers*. Jossey-Bass. San Francisco. USA.
- Arreola, R.A. (1995). *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Anker Publishing Company. Bolton, MA. USA.
- Creswell, J.W. (2002). *Educational Research: Planning, Conducting, and Evaluating Quantitative and Qualitative Research*. Prentice Hall. N.Y.
- Denzin, N.K & Lincoln Y.S (Eds) (2000). *Handbook of qualitative Research*. Sage Publications, Inc., Thousand Oaks, CA. USA.
- Doran, H.C. (2004). Adding Value to Accountability. *Educational Leadership*. 61 (3), Nov. 55- 59.
- Flanagan, J.C. (1949). A New Approach to Evaluating Personnel. *Personnel*, 26, 35-42.
- Flanagan, J.C. (1954). The Critical Incident Technique. *Psychological Bulletin*, 51 (4), 327-358.
- Fullan, M. (1999). *Change Forces: The Sequel*. Falmer Press. Philadelphia, PA. USA.
- Iwanicki, E. (2001). *Focusing Teacher Evaluations on Student Learning*. Educational Leadership. Feb. 57-59.
- . (1990). "Teacher Evaluation for School Improvement." *The new handbook on teacher evalutaion*. Newbury Park, CA: Sage. 159-171.
- <http://www.zoomerang.com>
- Lög um framhaldsskóla frá 1996. Alþingi. Nr. 80. 11. júní.
- Mbl.is, 5. apríll, 2006. *Ákvæði um samræmd stúdentspróf verði afnumin*. Sótt í rafrænt gagnasafn Morgunblaðsins þann 11 apríl. Mbl.is/Árvakur hf, 2006.
- Marrow, A. J. (1969). *The Practical Theorist: The Life and Work of Kurt Lewine*. Basic Books, Inc., Publishers, New York, NY.

- Maxwell, B (1996) (a). „Translation and Cultural Adaptation of the Survey Instruments” í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- Maxwell, A. J. (1996) (b). *Qualitative Research Design: An Interactive Approach*. Sage Publications, Inc. Thousand Oaks, CA.
- Mullis, I.V.S., Kelly, D.L., & Haley, K. (1996). „Translation Verification Procedures” í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- McKeachie, W.J. (1999). *Teaching Tips: Strategies, Research, and Theory for College and University Teachers*. Houghton Mifflin Company. MA. USA.
- McNiff, J, Pamela Lomax, and Jack Whitehead. (2001). *You and Your Action Research Project*. Routledge. London.
- PISA. (2002). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2000. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.oecd.org/dataoecd/44/32/33691620.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í upphafi árs 2002.
- . (2004). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2003. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/1/63/34002454.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í lok árs 2004.
- Sanders, J.R. (2000). *Evaluating School Programs: An Educator's Guide*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, Ca. USA.
- Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason. (2005). *Að lesa úr framfarayfirliti: Handbók um túlkun*. Námsmatsstofnun. [Http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_final_0501.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_final_0501.pdf). Sótt á veraldarvefninn vorið 2007.
- Unnar Örn Þorsteinsson. Sjálfsmat skólaárið 2001-2002. (2002). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2001-2002.
- . Sjálfsmat skólaárið 2002-2003. (2003). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2002-2003.
- . Sjálfsmat skólaárið 2003-2004. (2004). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2003-2004.
- . Sjálfsmat skólaárið 2004-2005. (2005). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2004-2005.

Whitley, Bernard E, JR. (1995). *Principles of Research In Behavioral Science*.
Mayfiled Publishing Company. Mountain View, CA. USA.